



SVEINN MAGNÚSSON HJÁ GEÐHJÁLÞ

Hann segir slæmt að sitja beggja vegna borðsins.

Geðhjálþ:

Skilar af sér stuðnings- þjónustunni

GEÐHJÁLÞ Félagsþjónustan í Reykjavík og svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra í Reykjavík taka við rekstri stuðningsþjónustu þeirrar sem hingað til hefur verið innan starfssviðs Geðhjálþar í haust. Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálþar segir að nú sé unnið að greinargerð þar sem áhersla sé lögð á að helstu breytingar verði komnar í ákveðinn farveg fyrir 1. september þegar nýju rekstraraðilarnir taka við. Þar á hann til að mynda við endurnýjun á húsnæði við Vesturgötu, úrbætur í lyfjamálum og allri faglegri aðkomu. Auk þess er áætlað að bæta við starfsfólki.

Stjórn Geðhjálþar sem kosin var í lok apríl tók ákvörðun um það að óska eftir því við ofangreinda aðila að samningurinn um stuðningsþjónustuna yrði ekki endurnýjaður. Sveinn telur það hafa verið mikilvægt að breyta um rekstraraðila því „það er talið illgerlegt að við stöndum í rekstri á svona búsetuþjónustu fyrir okkar skjólstaðinga þar sem við fáum greitt fyrir að reka svona þjónustu, en jafnframt að vera hagsmunasamtök sem sjá til þess að þeirra hagsmuna sé gætt. Það er slæmt að sitja þannig beggja megin við borðið“, segir Sveinn. ■